

**Sp.**

## **412. Tillaga til þingsályktunar**

um tíu heimila samvinnubyggð.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar á næsta ári framkvæma undirbúning tíu heimila samvinnubyggðar á stað, þar sem stjórn Sósíalístaflokksins telur heppileg skilyrði til þess landnáms. Skipulag þessarar byggðar skal vera eftir fullkomnustu rússneskum fyrirmyndum. Nýbýlismenn þessarar nýlendu, svo og forstjóri hennar, skulu af nýbýlastjórn valdir eftir meðmælum frá Sósíalístaflokknum.

### **Greinargerð.**

Um allmörg undanfarin ár hafa talsmenn Sósíalístaflokksins haldið fram í ræðu og riti, að búskapur á einstökum dreifðum býlum, líkt og hér hefur tíðkazt frá landnámstíð, væri fjarstæða ein. Hafa þeir bent á samyrkjubúskap Rússa sem hina sjálfsgöðu fyrirmynd. Hafa talsmenn þessarar stefnu talið álitlegast að leggja í eyði megnið af byggðum og dölum landsins, en fullrækta aftur á móti graslendi eins og í Mosfellssveit og Kræklingahlíð, í nánd við kaupstaði og kauptún, hafa mjög náinn félagsskap um ræktun alla og framleiðslu og nota í félagi alls konar vinnusparandi vélar. Þessar orðræður og ráðagerðir hafa orðið til þess, að Alþingi hefur fyrir allmörgum árum sett lög um samvinnubyggðir, auk þess sem fjölmargir ungir menn láta sig dreyma um, að hér sé um hagnýta úrbót að ræða, og hika við að hefja búskap með fyrirkomulagi, sem margir telja jafnúrelt og það er fornt. Hins vegar hefur engin tilraun verið gerð í þessu efni, og má ekki lengur sitja við svo búið. Ef sambylí að rússneskum sið henta bezt hér á landi, er sjálfsagt að fá sem fyrst vissu sína í því efni. Engu minni nauðsyn er að vita vissu sína um það, ef þetta skipulag á ekki við íslenzka staðhátta. Hér mun vera um tvenns konar skipulag að ræða. Að allt heimilisfólkið, 10 fjölskyldur, búi í einu húsi og hafi sameiginlegt borðhald og allir vinni að framleiðslunni undir stjórn ráðsmanns, sem útnefndur er af ríkisvaldinu, eða að hver fjölskylda hafi sitt sérstaka heimili og húshald, en hlýði sameiginlegum stjórnskipuðum verkstjóra um öll dagleg störf. Til þess að ekki verði um deilt, er ætlað til, að forráðamenn Sósíalístaflokksins stýri þessari tilraun á eigin ábyrgð, velji staðinn, standi fyrir ræktuninni, húsagerðinni, velji landnema alla, kaupi bústofn og vélar og leggi til ráðsmann með 10 ára starfsamningi. Er ætlað til, að honum sé tryggt það húsbóndavald í nýbyggð þessari, sem telja má fullkomlega sambærilegt við sams konar embætti í Rússlandi.